

Könnun á merkingum plastumbúða innlendra og erlendra mat- og hreinlætisvara

1. Bakgrunnur

Samkvæmt 5. gr. og II. viðauka reglugerðar nr. 609/1996 um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs eiga allar plastumbúðir að bera merki sem tilgreinir plasttegund umbúðar sem er nauðsynlegt fyrir skilvirka flokkun og endurvinnslu. Umhverfisstofnun hefur sett sér það markmið að kanna merkingar plastumbúða reglulega með það að markmiði að 95% skoðaðra umbúða verði rétt merktar árið 2017.

Markmið könnunarinnar sumarið 2013 var að kanna tíðni réttra merkinga á stikkprufum og vekja athygli íslenskra framleiðenda á skyldu þeirra til að merkja plastumbúðir.

2. Aðferð


Tölvupóstur var sendur til þeirra verslana sem könnunin var framkvæmd í. Þá var sendur tölvupóstur til Samtaka iðnaðarins, Samtaka verslunar og þjónustu og helstu framleiðenda og birgja á Íslandi til að láta vita af könnuninni og jafnframt vekja athygli á málinu.

Farið var í þrjár stórar lágvöruverðsverslanir á höfuðborgarsvæðinu dagana 26. og 27. júní sl.: Bónus í Skeifunni, Krónuna á Bíldshöfða og Nettó í Mjódd. Þessar verslunarkeðjur urðu fyrir valinu vegna þess að vöruúrval þeirra er mikið og þær eru með verslanir víða um land.

Könnunin tók til matvöruumbúða og snyrti/ræstivöruumbúða í sex flokkum: niðursneitt brauð, forpakkað kjöt í plastbökkum, sósur (íssósur, tómatósúr, kaldar sósur), mjólkurvörur (jógúrt, skyr, ís), uppvottalögur og sjampó.


3. Niðurstöður

Alls voru skráðar 108 vörur í sex vöruflokkum. 78% varanna voru merktar með plastmerkingum og 22% báru engar merkingar (sjá mynd 1). Vörurnar voru ýmist merktar með þríhyrningi og númeri, með þríhyrningi og skammstöfun plasttegundar eða aðeins skammstöfun plasttegundar.




Mynd 1. Hlutfall merktra og ómerktra vara.

Umbúðir utan um niðursneidd samlokubrauð (öll innlend) voru í engum tilfellum merktar. 78% umbúða utan um kjöt í plastbökkum voru merktar, 88% umbúða um sósur, 95% umbúða um mjólkurvörur, 93% umbúða um uppvottalög og 92% umbúða um sjampó (sjá mynd 2).



Mynd 2. Merktar vörur innan flokka.

Ef innlendar og erlendar vörur eru bornar saman sést að þær erlendu eru oftast merktar (94%) heldur en þær íslensku (64%) (sjá mynd 3). 49 erlendar vörur voru skoðaðar og 59 íslenskar.



Mynd 3. Hlutfall merktra vara, erlendir vs. íslenskir framleiðendur.

4. Lokaorð

- Þær innlendu vörur sem drógu hlutfallið niður voru þokarnir utan um samlokubrauðin, þar sem engar umbúðir voru merktar.
- Það markmið að 95% skoðaðra umbúða verði rétt merktar árið 2017 hefur næstum verið náð í flokki mjólkurvara, uppvottalaga og sjampós.
- Úrtakið verður að öllum líkindum endurskoðað fyrir næstu könnun og til að mynda mætti þá bæta við umbúðum utan um sælgæti, klósettpappír eða áleggi.